

**Ed.**

**730. Nefndarálit**

[128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Eins og kunnugt er fólu bráðabirgðalög nr. 89/1985, sem frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á, í sér lækkun tolla á bifreiðum og snjósleðum í 70%. Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, og lögum nr. 4/1986, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., voru tollar af bifreiðum lækkaðir enn frekar og eru nú ýmist 30% eða 10%.

Af framansögðu leiðir að umrædd bráðabirgðalög eru úrelt að svo miklu leyti sem þau taka til bifreiða, þ.e. tollur er nú skv. lögum nr. 3/1986 og nr. 4/1986 ýmist 30% eða 10% af öllum tollskrárnúmerum sem nefnd eru í bráðabirgðalögunum nema af tollskrárnúmerinu 87.02.11. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta staðfestingarfrumvarpinu á þá lund að lækkun skv. því taki aðeins til tollskrárnúmersins 87.02.11, þ.e. snjósleða. Verði frumvarpið látið daga uppi, sem væri eðlilegt ef það tæki aðeins til bifreiða, hefði slíkt í för með sér að tollar af snjósleðum mundu við þingslit hækka á ný úr 70% í 80%. Ef lögin yrðu staðfest óbreytt mundi aftur á móti tollur á bifreiðum hækka á ný í 70%.

Alþingi, 3. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,  
form., frsm.

Eiður Guðnason,  
fundaskr.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Jón Kristjánsson.